

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

37. fundur

haldinn að Lyngási, 7. janúar 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1) Fundargerð síðasta fundar afgreidd
- 2) Fundargerð stjórnar þjóðgarðsins frá 15. des.
- 3) Aðgerðaáætlun vegna starfs- og verndaráætlunar
- 4) Rekstrarstaða Austursvæðis
- 5) Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.10. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Undirrituð fundargerð 36. fundar sem fundarmenn höfðu farið yfir.

2. Fundargerð stjórnar þjóðgarðsins frá 15. des.

Formaður kynnti fundargerð frá síðasta stjórnarfundum. Rætt var um húsnæðismál starfsmanna þjóðgarðsins. Svæðisráð Austursvæðis telur eðlilegt að þjóðgarðsvörður og svæðisráð taki það mál sérstaklega fyrir og komi með tillögur til stjórnar um hvernig þessum málum verði háttað á Austursvæði.

3. Aðgerðaáætlun vegna starfs- og verndaráætlunar

Þjóðgarðsvörður er að vinna tillögu að þessari aðgerðaáætlun á grunni starfs- og verndaráætlunar og mun leggja hana fyrir næsta fund svæðisráðs ásamt tillögu að framkvæmdum innan Austursvæðis á komandi sumri.

4. Rekstrarstaða Austursvæðis

Þjóðgarðsvörður fór yfir rekstrarstöðuna og kynnti helstu tölur eins og þær liggja fyrir á þessari stundu í uppgjöri síðasta árs. Útlit fyrir að svæðið hafi farið 10% fram úr áætlun á síðasta ári, m.a. vegna aukakostnaðar við standsetningu Snæfellsstofu.

5. Önnur mál

- a) Þórhallur spurði eftir því hvort stækkun þjóðgarðsins hefði borið á góma á stjórnarfundum. Formaður sagði að rætt hefði verið um að halda höndum að sér í þeim efnum meðan fjármagn er skorið niður til þjóðgarðsins.
- b) Svæðisráð svaraði grein Einars Kristjáns Haraldssonar sem birtist í Morgunblaðinu 3. des. og birtist svargrein svæðisráðs 5. janúar sl.
- c) Næsti stjórnarfundur ákveðinn fimmtudaginn 10. febrúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.50.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Þórhallur Þorsteinsson

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson